

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Vilhjálmi Árnasyni um kolefnisgjald og mótvægisáðgerðir gegn kolefnislosun.

1. Hver var fjárhæð innheimts kolefnisgjalds hvert ár 2015–2017 og af hverju var það innheimt?

Kolefnisgjald er lagt á gas- og dísilolíu, bensín, brennsluolíu og jarðolíugas og annað loftkennt kolvatnsefni, sbr. lög nr. 129/2009. Í meðfylgjandi töflu má sjá tekjur ríkissjóðs af kolefnisgjaldi eftir gjaldflokkum í milljónum króna á verðlagi hvers árs.

Innheimt kolefnisgjald (millj. kr.)	2015	2016	2017
Kolefnisgjald, gas- og dísilolía	1.865	2.024	2.261
Kolefnisgjald, bensín	946	931	988
Kolefnisgjald, brennsluolía	447	491	541
Kolefnisgjald, jarðolía o.fl.	16	17	17
Samtals	3.274	3.464	3.806

Heimild: Fjársýsla ríkisins 2015–2017.

2. Hve miklum fjármunum er varið til mótvægisáðgerða gegn kolefnislosun?

Mótvægisáðgerðir gegn kolefnislosun eru á ábyrgð fleiri en eins ráðuneytis en þó aðallega umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Því var leitað til þess um svar við þessari spurningu og byggist það að mestu leyti á upplýsingum frá því ráðuneyti.

Ekki er haldið nákvæmt bókhald um útgjöld vegna áðgerða sem stuðla að minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda eða að aukningu á kolefnisbindingu, en sérstaklega auðkennd framlög hafa einkum verið undir hatti *Sóknaráætlunar í loftslagsmálum*. Á vegum stjórnvalda hafa verið gerðar nokkrar áðgerðaáætlanir í loftslagsmálum, sem unnið hefur verið eftir. Nú er í gildi áðgerðaáætlun sem var samþykkt í ríkisstjórn 2010 og gildir til 2020, en henni er einkum ætlað að stuðla að því að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar innan Kyoto-bókunarinnar. Þar eru tilteknaðar tíu svokallaðar lykilaðgerðir, auk annarra. Margar þeirra eru komnar til framkvæmda, svo sem innleiðing viðskiptakerfis með losunarheimildir, álagning kolefnisgjalds og breytt kerfi skatta og gjalda á bíla og eldsneyti, sem hvetur til minni losunar. Aðrar hafa verið framkvæmdar að hluta af ríkisaðilum og í sumum tilvikum af einkaaðilum, svo sem rafvæðing fiskimjölsverksmiðja. Í skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar frá 2015 segir um fjármögnun áðgerða: „Fjármögnun til áðgerða til að draga úr loftslagsbreytingum á vegum ríkisins fer ekki fram miðlægt, heldur er dreift á mörg ráðuneyti, stofnanir og fjárlagaliði. Að auki eru ýmsar áðgerðir sem miða að minnkun losunar fjármagnaðar af sveitarfélögum og einkaaðilum. Framlög til verkefna á sviði losunar og bindingar gróðurhúsalofttegunda eru ekki auðkennd sérstaklega og ekki er hægt að finna heildstætt yfirlit yfir fjárveitingar til loftslagsmála, þótt hægt sé að finna ýmsa liði, s.s. framlög til skógræktar og landgræðslu og verkefna á sviði vistvænna orkugjafa.“

Í *Sóknaráætlun í loftslagsmálum*, sem nær til áráanna 2016–2018, er að finna 16 verkefni, sem flest eru fjármögnuð sérstaklega. Samtals er fjárveiting til verkefna í *Sóknaráætlun* 750 millj. kr. samtals á þremur árum. Sum verkefnin miða að aðlögun að loftslagsbreytingum, bættu bókhaldi og styrkingu á alþjóðastarfi í loftslagsmálum, en um helmingurinn miðar að minnkun losunar og eflingu bindingar. Þar má nefna styrki til að efla innviði fyrir rafbíla á landsvísu, aukið fé til landgræðslu og skógræktar og endurheimt votlendis, auk átaks til að draga úr matarsóun.

Þá er einnig vert að nefna þá tímabundnu virðisaukaskattsívilnun við innflutning og skattskylda sölu á rafmagns-, vetnis- og tengiltvinnbifreiðum sem stjórnvöld hafa beitt til þess að hraða orkuskiptum í samgöngum. Bráðabirgðaákvæðið kom inn í lög um virðisaukaskatt árið 2012 og veitir heimild til að fella niður virðisaukaskatt að hámarki 1.440 þús. kr. af rafmagns- og vetnisbifreiðum og að hámarki 960 þús. kr. af tengiltvinnbifreiðum. Ákvæðið gildir til loka ársins 2020 en er þó bundið við hámarksfjölda ökutækja, 10.000 rafmagnsbifreiðar, 10.000 vetnisbifreiðar og 10.000 tengiltvinnbifreiðar. Ívilnunin nam alls 2,3 milljörðum kr. árið 2017.